



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 405 – 338. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Tillögunni er ætlað að marka stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára. MRSÍ fagnar tillögunni og telur það ætíð af hinu góða að ríkið setji sér stefnur í því markmiði að vinna betur að tilteknum málaflokkum.

Réttur til heilsu/heilbrigðis eru grundvallarmannréttindi og nauðsynleg til þess að hægt sé að njóta annarra mannréttinda. Rétturinn til heilsu/heilbrigðis er verndaður í ýmsum alþjóðlegum samningum svo sem 1. mgr. 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) og 24. gr. sáttmála S.þ. um réttindi barnsins. Samningur S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFMR) býður þó víðtækustu vernd þess réttar. Í 12. gr. samningsins segir að aðildarríki viðurkenni rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Aðildarríkin eiga að gera ráðstafanir til þess að framfylgja þessum rétti, þar á meðal að skapa skilyrði sem tryggja öllum sjúkráþjónustu og sjúkrameðferð vegna veikinda, hvort heldur sem um andleg eða líkamleg veikindi er að ræða.

MRSÍ hefur þó athugasemd hvað varðar stefnuna sem slíka. Í þingsályktun segir að meginmarkmið stefnunnar sé aukin vellíðan og betri geðheilsa landsmanna og virkari samfélagsþátttaka einstaklinga sem glíma við geðraskanir til skemmri eða lengri tíma óháð búsetu þeirra. Við yfirllestur tillögunarinnar er það mat MRSÍ að heildstætt vanti upp á eiginlega stefnu líkt og skilgreining ráðuneytisins gefur til kynna heldur sé þar fyrst og fremst að finna aðgerðaáætlun. Vöntunin felst fyrst og fremst í því að gerð sé grein fyrir hugmyndafræði stefnunnar og helstu markmiðum hennar.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri